

Efnistaka í Bolaöldum í Sveitarfélaginu Ölfusi

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði á landslag og sjónræns eðlis. Stofnunin telur að vegna efnistöku í eldri hluta námunnar megi líta svo á að þessi neikvæðu áhrif séu að mörgu leyti þegar komin fram. Að mati Skipulagsstofnunar er ámælisvert hvernig staðið var að fyrri efnistöku þar sem farið var hátt upp í hlíðar Vífilsfells, sem gerir það að verkum að náman er nú áberandi sár í landslaginu, horft frá fjölförnum Suðurlandsvegi. Stofnunin telur að með hliðsjón af umfangi efnistökkunnar og stærðar svæðisins þar sem vinna á efnið muni frekari efnistaka, eðli málsins samkvæmt, hafa í för með sér talsverð neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Skipulagsstofnun telur að unnt verði að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum með þeim aðgerðum sem Bolaöldur ehf. kynna og fjallað er um í kafla 2 í þessu áliti og nánar í kafla 2.6 í matsskýrslu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að sem fyrst verði ráðist í markvissar aðgerðir til að ganga frá eldra efnistökusvæðinu, sem miði að því að draga úr áberandi ummerkjum eftir efnistöku í hlíðum Vífilsfells. Stofnunin telur að þó að gera megi ráð fyrir að áhrif framkvæmdanna verði nokkuð neikvæð fyrir þá sem stunda gönguferðir í nágrenni efnistökusvæðisins þá muni aukin efnistaka varla rýra gildi svæðisins til útivistar umfram það sem komið er.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt, í ljósi þess að efnistökusvæðið er við mörk fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins, að gerðar verði kröfur um vinnulag í tengslum við efnistöku og efnisflutninga sem tryggi eins og framast er mögulegt að mengunarslys verði ekki í tengslum við starfsemina. Stofnunin telur að sú vinnutilhögun sem Bolaöldur ehf. hyggjast viðhafa og þær aðgerðir sem fyrirtækið kynnir í matsskýrslu, skili þeim árangri að ekki sé líklegt að fyrirhuguð efnistaka hafi neikvæð áhrif á gæði grunnvatns. Hins vegar telur Skipulagsstofnun eðlilegt að í starfsleyfi verði sett ákvæði sem tryggi að fyrrgreindri vinnutilhögun og fyrirhuguðum aðgerðum verði fylgt.

Skipulagsstofnun leggur til eftirfarandi skilyrði við framkvæmdaleyfisveitingu:

Á næstu fimm árum frá útgáfu leyfis eigi Bolaöldur ehf. að laga ummerki eftir efnistöku í hlíðum Vífilsfells á þann hátt sem kynnt er í matsskýrslu. Til þess verði notað haugsett efni, sem þegar hefur verið komið fyrir á svæðinu og annað efni sem berast mun til svæðisins á því tímabili.

1 INNGANGUR.....	3
1.1 Athugun Skipulagsstofnunar	3
1.2 Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar.....	3
2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ	3
3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	5
3.1 Vægiseinkunnir.....	5
3.2 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag.....	6
3.3 Áhrif á útivist og ferðamennsku	6
3.4 Áhrif á grunnvatn.....	7
3.5 Áhrif á jarðmyndanir.....	8
3.6 Áhrif á gróður	9
3.7 Áhrif fugla og spendýr	9
3.8 Staða skipulags og leyfisveitinga	9
4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	10



1 INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 13. október 2010 sendu Bolaöldur ehf. frummatsskýrslu um efnistöku í Bolaöldum í Sveitarfélaginu Ölfusi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 20. október 2010 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 20. október til 2. desember 2010 á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.efla.is og www.skipulagsstofnun.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, forsætisráðuneytis, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma bárust Skipulagsstofnun engar athugasemdir. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til framkvæmdaraðila.

Þann 6. janúar 2011 sendu Bolaöldur ehf. matsskýrslu um efnistöku í Bolaöldum í Sveitarfélaginu Ölfusi til Skipulagsstofnunar og óskaði eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Við undirbúning þessa álits var farið á vettvang á fyrirhugað framkvæmdasvæði.

1.2 Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar

Frummatsskýrsla. Efnistöku í Bolaöldum í Ölfusi- Mat á umhverfisáhrifum. 11. október 2010.

Önnur gögn:

Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson: *Gróðurfar og fuglar á Námasvæði við Vífilsfell*, september 2008.

Brynhildur Magnúsdóttir, EFLA ehf.: *Minnisblað: Bolaöldur – Mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar námu; jarðfræði*, október 2008.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifakönnun vegna stækkunar námu við Bolaöldu, Árnassýslu/Gullbringusýslu*. Fornleifafræðistofan 2007.

Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 18. nóvember 2010.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 8. nóvember 2010.
- Forsætisráðuneytinu með bréfi dags. 22. nóvember 2010.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 29. október 2010.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 11. nóvember 2010.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. nóvember 2010.

Matsskýrsla: Efnistaka í Bolaöldum í Ölfusi - Mat á umhverfisáhrifum. 6. janúar 2011.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Samkvæmt matsskýrslu hefur bögglaberg verið unnið úr Bolaöldum í nokkra áratugi á þremur samliggjandi efnistökusvæðum í norðanverðu Vífilsfelli; eitt innan Kópavogsbæjar og tvö

innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Fram kemur að svæðið innan Kópavogsbæjar sé ekki lengur nýtt til efnistöku og sé ekki hluti af mati á umhverfisáhrifum efnistökkunnar, en matið nái til þeirra tveggja efnistökusvæða sem liggja innan Ölfuss; eldra efnistökusvæðis sem sé ekki lengur í vinnslu og nýs efnistökusvæðis, sem Bolaöldur ehf. hafi vinnslurétt á. Samkvæmt matsskýrslu hefur vinnsla efnis þegar hafist á nýja efnistökusvæðinu.

Fram kemur að fyrirhuguð efnistaka verði á 36 ha svæði og með fyrri vinnslu verði efnistökusvæðið í heild 65 ha. Ekki séu til nákvæmar upplýsingar um hve mikið magn af efni hafi verið tekið úr Bolaöldum fram að þessu en gert sé ráð fyrir að teknir hafi verið 4.000.000 til 6.000.000 m³ og á nýju efnistökusvæði verði tekið allt að 6.000.000 m³ af efni á næstu 30 árum. Efni verði unnið upp í 320 m hæð yfir sjó og botn nýja efnistökusvæðisins verði í 245–260 m hæð, en botn eldra efnistökusvæðisins sé í 215–230 m hæð yfir sjó. Vinnslan verði í þremur áföngum:

- Í 1. áfanga verði gerð þröng aðkomurás inn í megin efnistökusvæðið í Sóthóli og þaðan verði rásin víkkuð til norðurs. Alls verði teknir um 3.000.000 m³ af efni á fimmtán árum.
- Efni verði unnið til suðurs frá svæði á 1. áfanga og alls teknir 1.200.000 m³ á sex árum.
- Efni verði unnið til austurs frá svæðum fyrstu tveggja áfanganna og alls teknir 1.800.000 m³ á níu árum.

Fram kemur að hafin sé vinna við að ganga frá eldra efnistökusvæðinu en meginmarkmið með frágangi þess sé að lágmarka sýnileika frá Suðurlandsvegi. Syðst á efnistökusvæðinu sé jarðvegstíppur sem notaður verði til að fylla upp að bergstáli sem þar sé og land verði mótað þannig að það verði í eðlilegu framhaldi af hlíð Vífilfells. Típpsvæðið sé á vegum Kópavogsbæjar en Bolaöldur ehf. hafi umsjón með frágangi námusvæðisins en ekki liggja fyrir hvenær frágangi á svæðinu ljúki, það sé háð magni jarðvegsefna sem urðað verði á svæðinu árlega. Varðandi nýtt efnistökusvæði kemur fram að gengið verði strax frá því svæði sem tilheyri viðkomandi áfanga um leið og vinnslu ljúki. Við frágang bæði eldra og nýs svæðis verði flái námuveggja 1:2–1:3 en á einstaka stöðum verði hann 1:1. Svarðlag, sem ýtt verði ofan af á nýju efnistökusvæði í upphafi hvers áfanga verði haugsett og notað við frágang að vinnslu lokinni og grasfræi sáð í helstu fláa.

Samkvæmt matsskýrslu er tilgangur framkvæmdarinnar að mæta þörf fyrir malarefni á höfuðborgarsvæðinu, í Ölfusi og víðar.

Umhverfisstofnun telur að haugsetja ætti efni á eldra námusvæði með markvissari hætti til að draga eins fljótt og unnt er úr ummerkjum eftir efnistöku í hlíðum Vífilfells. Stofnunin telur að leggja eigi áherslu á að haugsett verði með hlíðum fjallsins til austurs og vesturs. Þá telur Umhverfisstofnun að skilyrði ætti að fylgja framkvæmdaleyfi vegna efnistökkunnar sem gerði ráð fyrir frágangi beggja efnistökusvæðanna (eldra og núverandi).

Í svari Bolaalda kemur fram að félagið vinni ekki efni á eldra efnistökusvæðinu og komi ekki að frágangi þess nema vegna umsjónar með típpsvæðinu. Í frummatsskýrslu hafi verið gert ráð fyrir frágangi beggja efnistökusvæðanna í þeim tilgangi að gefa yfirsýn yfir frágang á raskaða svæðinu í heild sinni. Þegar núverandi típpsvæði verði fullt verði hugsanlegt að víkka það austur og vestur með hlíð Vífilfells.

Sveitarfélagið Ölfus bendir á í umsögn sinni um frummatsskýrslu að í aðalskipulagi Ölfuss sé ekki gert ráð fyrir tipp á efnistökusvæði í Bolaöldum og ekki sé til leyfi fyrir slíkri starfsemi innan þess hluta svæðisins sem tilheyri Ölfusi. Fram kemur að sveitarfélagið telur að sá sem hafi leyfi til efnistöku beri að ganga frá eldri hluta efnistökusvæðisins og það skuli tilgreint í

starfsleyfi. Einnig eigi að hafa strangt eftirlit með því efni sem flutt er á staðinn og nota eigi til að ganga frá eldri hluta efnistökusvæðisins.

Í svari Bolaalda kemur fram að móttaka efnis á svæðinu á vegum félagsins sé í þeim tilgangi að ganga frá eldri hluta efnistökusvæðisins. Það sé gert í samræmi við athugasemdir Umhverfisstofnunar við matsáætlun vegna efnistöku í Bolaöldum, þar sem stofnunin m.a. fagnaði því að haugsett efni verði notað til að laga ummerki eftir efnistöku og telji að leggja beri áherslu á að laga hlíðar Vífilfells þannig að sár eftir efnistöku verði lítið greinileg, séð frá Suðurlandsvegi. Fram kemur að Bolaöldur ehf. muni hætta móttöku á aðfluttum jarðvegi til frágangs á eldra efnistökusvæðinu ef Sveitarfélagið Ölfus krefjist þess. Félagið telji þó að haugsetning á svæðinu og frágangur á eldri hlutum efnistökusvæðisins muni hafa jákvæð umhverfisleg áhrif og eðlilegt sé að sú tilhögun verði tilgreind í starfsleyfi vegna efnistökkunnar.

Skipulagsstofnun bendir í upphafi á, eins og kemur fram í matsskýrslu, að mat á umhverfisáhrifum tekur til beggja efnistökusvæðanna í Bolaöldum sem liggja innan Sveitarfélagsins Ölfuss, þ.e. frágangs eldra efnistökusvæðis, þar sem vinnsla hefur verið hætt og þess svæðis sem vinnsla er nú hafin á og fyrirhugað er að taka 6.000.000 m³ af efni næstu 30 árin. Því telur Skipulagsstofnun að svar Bolaalda ehf. við umsögn Umhverfisstofnunar orki tvímælis um að félagið komi ekki að frágangi á eldra efnistökusvæðinu að öðru leyti en því að hafa umsjón með tippsvæði þar. Skipulagsstofnun telur að á því svæði hafi efni verið sótt of hátt upp í brattar hlíðar Vífilfells og ummerki eftir efnistöku því sérstaklega áberandi frá Suðurlandsvegi séð og mikilvægt sé að áhersla verði lögð á að ganga frá svæðinu á þann hátt sem áætlun í matsskýrslu gerir ráð fyrir. Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirtækið Bolaöldur ehf. hefur lýst sig skuldbundið til að ganga frá eldri hluta námunnar og samkvæmt svari við umsögn Umhverfisstofnunar muni félagið m.a. nota haugsett efni á tippsvæðinu til að draga úr ummerkjum í hlíðum Vífilfells. Þá vekur Skipulagsstofnun athygli á að í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að aðili sem fái leyfi til efnistöku beri að ganga frá eldri hluta efnistökusvæðisins. Sú staðreynd að efni er haugsett á svæðinu gerir það að verkum að hægara er um vik með að fylgja eftir þeirri áætlun um frágang sem sett er fram í matsskýrslu. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að haugsetja eigi aðflutt efni á markvissari hátt en gert hefur verið fram að þessu til að flýta fyrir því að draga úr ummerkjum eftir efnistöku í hlíðum Vífilfells. Ljóst er þó að ekki er fyrir hendi leyfi til haugsetningar jarðvegs á þeim hluta svæðisins sem tilheyrir Sveitarfélaginu Ölfusi. Skipulagsstofnun telur að við útgáfu framkvæmdaleyfis sé unnt að veita heimild til haugsetningar efnis eingöngu í þeim tilgangi sem lítur að frágangi eldra efnistökusvæðisins og setja skilyrði um strangt eftirlit með því efni sem flutt er á staðinn. Þá telur Skipulagsstofnun að í framkvæmdaleyfi eigi að setja það skilyrði að á næstu fimm árum frá útgáfu leyfis verði haugsetta efnið, sem þegar hefur verið komið fyrir á svæðinu og efni sem berast mun til svæðisins á því tímabili, verða notað til þess að draga úr ummerkjum eftir efnistöku í hlíðum Vífilfells. Þetta væri í samræmi við þann ásetning sem fram kemur í matsskýrslu um að lágmarka sýnileika efnisvinnslunnar frá Suðurlandsvegi séð.

3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.1 Vægiseinkunnir

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila hefur verið lagt mat á áhrif framkvæmda á tiltekna umhverfisþætti. Greint er frá vægi áhrifa með vægiseinkunnum sbr. töflu 4.1 á bls. 24 í matsskýrslu sem er sambærileg við töflu sem birtist í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar frá 2005 um flokkun umhverfisþátta, viðmið einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Skipulagsstofnun

vinnur nú að endurskoðun þessara leiðbeininga og í ljósi reynslunnar telur stofnunin að í mörgum tilfellum þurfi að lýsa vægi áhrifa með vægiseinkunn sem stofnunin kallar nokkuð neikvæð sem væri þá millstig á milli talsvert neikvæðra og óverulegra áhrifa. Hér væri þá yfirleitt um að ræða staðbundin varanleg og óafturkræf áhrif sem gætu náð til all umfangsmikils svæðis en áhrifasvæðið nyti ekki verndar eða væri á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum. Í þessu álitinu notar Skipulagsstofnun hugtakið nokkuð neikvæð við mat á áhrifum fyrirhugaðrar efnistöku í Bolaöldum.

3.2 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag

Í matsskýrslu er bent á að í tugi ára hafi efni verið tekið úr hlíðum móbergsfjallsins Vífilfells og áhrifa efnistökkunnar á landslag gæti þegar í hlíðum þess. Með frekari efnistöku muni raskið færast austur með hlíðum Vífilfells, en muni ekki ná hærra upp í hlíðar fjallsins en nú megi sjá. Neikvæð áhrif á náttúrulegt yfirbragð Vífilfells muni því aukast frá því sem nú sé og verði áhrifin varanleg og óafturkræf. Fram kemur að áhrifasvæði frekari efnistöku í Bolaöldum verði hins vegar ekki umfangsmikið og ummerki eftir hana ekki eins áberandi í landinu eins og eftir eldri efnistöku. Fram kemur að efnistökusvæðið verði þó vel sýnilegt á gönguleiðum um Vífilfell, frá nálægri mótorkrossbraut í Bolaöldum og frá Suðurlandsvegi en milli Suðurlandsvegjar og efnistökusvæðisins séu hæðir í landslaginu, sem muni draga úr sýnileika þess frá þjóðveginum. Þá sé dregið frekar úr sýnileika vinnslunnar frá veginum með því að hafa aðkomu inn á efnistökusvæðið um þröngt skarð, auk þess sem fyllt verði að bergstáli sem myndast muni í hlíð Vífilfells og flái gerður í framhaldi af fjallshlíðinni. Fram kemur að ummerki eftir eldri efnistöku á svæðinu geri það að verkum að sjónræn áhrif framkvæmdanna séu að mestu leyti komin fram en áformað sé að draga úr þeim áhrifum með því að gera bergstálið í hlíðum Vífilfells minna áberandi frá Suðurlandsvegi séð. Fram kemur að Vífilfell sé ekki óraskað móbergsfjall og líta megi svo á að áframhaldandi efnistaka á svæðinu samrýmist stefnu stjórnvalda um að hafa fá og stór efnistökusvæði í stað margra lítilla. Bolaöldur ehf. telja að sjónræn áhrif efnistökkunnar verði staðbundin, varanleg og óafturkræf og að heildaráhrifin verði talsvert neikvæð.

Umhverfisstofnun telur að efnistakan muni hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag, en þau áhrif séu að miklu leyti þegar komin fram. Telur stofnunin að efnistakan muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda séu sjónræns eðlis og áhrif á landslag. Stofnunin getur tekið undir það sem fram kemur bæði í matsskýrslu og umsögn Umhverfisstofnunar að neikvæð sjónræn áhrif af efnistökkunni eru að stórum hluta komin fram þar sem efnistaka á eldra efnistökusvæði hefur skilið eftir sig sár hátt upp í hlíðar Vífilfells sem blasir við frá Suðurlandsvegi. Fyrirhuguð efnistaka mun hafa enn frekari neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á landslag og eðli málsins samkvæmt er hér um bein og varanleg áhrif að ræða sem vegna umfangs og staðsetningar eru talsvert neikvæð. Skipulagsstofnun telur að unnt sé að draga úr þessum neikvæðu, sjónrænu áhrifum á báðum efnistökusvæðum (eldra og nýrra) með þeim aðgerðum sem kynntar eru og fjallað er um í kafla 2 í þessu álitinu og nánar í kafla 2.6 í matsskýrslu. Skipulagsstofnun vill, í ljósi ofangreinds, leggja áherslu á að ráðist verði sem allra fyrst í markvissar aðgerðir til frágangs á eldra efnistökusvæði og að fylgt verði þeirri vinnslutilhögun sem Bolaöldur ehf. hafa kynnt, þ.á.m. að undir engum kringumstæðum nái efnistökusvæðið hærra upp í hlíðar Vífilfells en nú þegar er raunin.

3.3 Áhrif á útivist og ferðamennsku

Í matsskýrslu kemur fram að í nágrenni efnistökkunnar sé starfsemi vélhjólaklúbbsins Víkur í Bolaöldum og Svifflugfélags Íslands á Sandskeiði. Þá sé nokkuð um að göngufólk fari um

svæðið, m.a. upp á Vífilsfell en einnig liggja gömul þjóðleið um Ólafsskarð í nágrenni efnistökuvæðisins en líklega sé hún fáfarin. Þaðan sjáist hins vegar efnistakan og hún muni verða enn sýnilegri þegar frá líði. Við stækkun efnistökuvæðisins til austurs muni það á endanum vera við upphaf gönguleiðar upp á Vífilsfell frá veginum inn Jósepsdal og líklega muni fyrsti kafli gönguleiðarinnar (300-500 m) færast til suðurs eftir því sem efnistaka færast nær stígnum. Á hluta þeirrar leiðar muni nýja efnistökuvæðið sjást en eldra efnistökuvæðið lítið eða ekki. Frá gönguleiðinni úr námunni upp á fjallið verði efnistakan áberandi á stórum hluta hennar. Efnistakan verði hins vegar ekki sýnileg frá gönguleiðinni innarlega í Jósepsdal. Fram kemur að ummerki eftir fyrri efnistöku í Bolaöldum séu nú sýnileg frá flugvellinum á Sandskeiði og nærliggjandi mótorkrossbraut. Frekari efnistaka muni líklega ekki breyta ásýnd svæðisins séð frá Sandskeiði, en auka við neikvæð sjónræn áhrif efnistöku á mótorkrossbrautinni í Bolaöldum. Í matsskýrslu kemur fram sú niðurstaða að frekari efnistaka muni hafa staðbundin neikvæð áhrif á lítinn fjölda ferðamanna og því verði neikvæð áhrif óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna muni verða nokkuð neikvæð fyrir þá sem stunda gönguferðir í nágrenni efnistökuvæðisins. Eðli málsins samkvæmt er hér einkum um að ræða neikvæð sjónræn áhrif af völdum rasks og tímabundið ónæði vegna hávaða við vinnslu og efnisflutninga. Stofnunin telur þó að fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun námunnar muni varla rýra gildi svæðisins til útivistar umfram það sem orðið er.

3.4 Áhrif á grunnvatn

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugað efnistökuvæði liggja við mörk fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og sé á mörkum tveggja grunnvatnsstrauma; Elliðaárstraums sem falli til norðurs og Selvogsstraums sem renni til suðurs. Allt neysluvatn Reykjavíkur og nágrennis komi úr Elliðaárstraum en úr Selvogsstraumi komi neysluvatn Þorlákshafnar. Fram kemur að vegna efnistökuverndar séu á svæðinu að staðaldri hjólaskófla, jarðýta, harpa og rafstöð. Olúflutningabíll komi nær daglega til þess að fylla tækin af eldsneyti og auk þess sé staðsettur olútankur með að meðaltali um 100 lítra af olíu, en hann geti rúmað allt að 1.200 lítra. Þá séu geymdir á svæðinu um 20 lítrar af smurólíu, 20 lítrar af glussa og 10 lítrar af frostlegi. Fram kemur að mögulega geti lekið glussi eða olíu úr einni vinnuvél en hverfandi líkur séu á stóru mengunarslysi. Á efnistökuvernd sé búið að fjarlægja jarðveg ofan af berggrunninum og því eigi spilliefni greiðari leið niður í grunnvatnið en ella. Bent er á að í nágrenni efnistökuverndar sé margvísleg starfsemi sem geti mengað grunnvatn, s.s. flugvöllur á Sandskeiði, mótorkrossbraut og bensínstöð við Litlu kaffistofuna auk mikillar umferðar eftir Suðurlandsvegi. Fram kemur að ef vakta eigi svæðið yrði sú vöktun að vera víðtæk, en ekki einskorðuð við efnistökuvernd og ætti slík vöktun á gæðum grunnvatns að vera á hendi vatnsveitu höfuðborgarsvæðisins eða heilbrigðiseftirlits. Til að draga úr hættu á mengun vegna efnistökuverndar verði einungis geymdar dagsbirgðir af olíu á vinnusvæðinu, vinnuvélum verði vel við haldið og komið verði upp lekavörnum á svæðinu í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda. Starfsfólki á svæðinu verði kynntar öryggisreglur vatnsveitna höfuðborgarsvæðisins og viðbragðsáætlun þeirra fylgt eftir ef óhapp komi upp. Fram kemur að Bolaöldur ehf. telji að áhrif efnistökuverndar á vatnsvernd verði óveruleg.

Í umsögn Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðisins er bent á nálægð efnistökuverndar við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og að líkur séu á að stór mengunaráhöpp þar geti haft áhrif á gæði grunnvatns innan vatnsverndarsvæðisins. Fram kemur að niðurstaða vettvangsferðar á vegum nefndarinnar hafi leitt í ljós að rekstur efnistökuverndar sé ekki í samræmi við þá starfshætti sem lýst sé í frummatsskýrslu varðandi ráðstafanir til að draga úr hættu á mengun grunnvatns. Efnistaka sé ætíð óæskileg

þar sem grunnvatn streymi til vatnsbóla og þegar við bætist metnaðarleysi rekstraraðila sé slík starfsemi orðin að ógn. Telur heilbrigðisnefnd að í álit Skipulagsstofnunar eigi að áréttá nálægð efnistökkunnar við Elliðaárstraum og starfsleyfi beri að taka til nauðsynlegra mengunarvarna og skipulagðrar vöktunar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er einnig bent á þá staðreynd að efnistakan sé á jaðri vatnsverndarsvæða sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Sveitarfélagsins Ölfuss. Mikil starfsemi hafi verið á svæðinu um langt árabil, þó sérstaklega á síðustu fimm árum og hafi umgengni verið misjöfn, m.a. með tilliti til mengandi efna. Telur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að gera þurfi nánar grein fyrir fyrirhuguðum mengunarvörnum á svæðinu og hver beri ábyrgð á þeim og einnig hvernig standa eigi að vöktun vatnsgæða við efnistökusvæðið.

Í svari Bolaalda kemur fram að eðlilegt sé að ákvæði um umgengni, ástand tækja o.fl. séu sett í starfsleyfi til að minnka hættu á að starfsemin hafi áhrif á gæði neysluvatns. Brugðist hafi verið við ábendingum í umsögn heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis varðandi umgengni á efnistökusvæðinu og áréttað að vinnulag verði eins og lýst sé í matsskýrslu. Þá er ítrekað að Bolaöldur ehf. telji það ekki einkamál félagsins að vakta vatnsgæði á svæðinu heldur verði að standa þannig að verki að vöktun taki til annarrar mengandi starfsemi á svæðinu. Bent er á að mögulegt sé að nota fyrirbyggjandi borholur í nágrenni Bolaalda til að vakta vatnsgæði með tilliti til starfsemi á svæðinu.

Skipulagsstofnun vill í upphafi leggja áherslu á það álit stofnunarinnar að grunnvatn sé auðlind sem beri að vernda eins ómengaða og kostur er. Stofnunin telur mikilvægt, í ljósi þess að efnistökusvæðið er við mörk fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins, að gerðar verði kröfur um vinnulag í tengslum við efnistöku og efnisflutninga sem tryggji eins og framast er mögulegt að mengunarslys verði ekki vegna starfseminnar. Í því skyni leggur stofnunin áherslu á að tekið verði mið af umsögnum Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðisins og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fylgt verði í hvítetna þeim aðgerðum sem Bolaöldur ehf. kynna í kafla 4.9.5 í matsskýrslu og lúta m.a. að umgengni og geymslu mengandi efna, viðhaldi vinnuvéla og lekavörnum og notkunar viðbragðsáætlunar vegna hugsanlegra mengunaróhappa. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að í starfsleyfi séu sett ákvæði sem tryggji að þeirri vinnutilhögun og aðgerðum verði fylgt eins og Bolaöldur ehf. hafa bent á. Ef staðið verður að málum með fyrrgreindum hætti telur Skipulagsstofnun ekki sé líklegt að fyrirhuguð efnistaka hafi neikvæð áhrif á gæði grunnvatns. Skipulagsstofnun tekur undir með Bolaöldum ehf. að í námunda við efnistökusvæðið er ýmis starfsemi sem getur mögulega haft neikvæð áhrif á gæði grunnvatns innan fjarsvæði vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins auk þess sem fjölfarinn þjóðvegur liggur um svæðið. Hvað varðar vöktun grunnvatns vegna hugsanlegra mengunar telur Skipulagsstofnun að ástæða sé til þess að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, í samráði við framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, geri tillögu að vöktunaráætlun sem geri grein fyrir ábyrgð einstakra rekstraraðila í nágrenni vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins, þar með talið Bolaalda ehf. og aðkomu þeirra að vöktun á gæðum grunnvatnsins.

3.5 Áhrif á jarðmyndanir

Í matsskýrslu kemur fram að í Bolaöldum sé fyrst og fremst unnið berg sem myndast hafi á jökulskeiðum við gos undir jökli og á hlýskeiðum ísaldar. Fram kemur að verndargildi móbergsfjalla eins og Vífilsfells hafi verið staðfest af stjórnvöldum með stefnumótun um sjálfbæra þróun en einnig hafi stjórnvöld sett fram stefnu um að nám jarðefna fari fram á tiltölulega fáum og afmörkuðum svæðum. Bent er á að efnistaka hafi lengi verið stunduð í Bolaöldum og því sé Vífilsfell ekki lengur óraskað móbergsfjall. Frekari vinnsla á þessum stað muni falla að stefnu um að vinna jarðefni á stærri og færri svæðum en litlum og dreifðum. Áhrifin verði talsverð en þó á litlu svæði.

Umhverfisstofnun telur að efnistakan muni hafa talsverð neikvæð áhrif á jarðmyndanir, en þar séu þó ekki jarðmyndanir sem njóti verndar og telur stofnunin að áhrif á jarðmyndanir séu þegar komin fram að miklu leyti.

Skipulagsstofnun bendir á að efnistakan er úr móbergsmýndun (Vífilsfell) sem stjórnvöld hafa markað stefnu um að forgangsmál sé að vernda þar sem slíkar myndanir eru sjaldgæfar og óvenjulegar á heimsvísu. Stofnunin telur að umfangsmikil efnistaka, eins og fyrirhuguð er í Bolaöldum, muni óhjákvæmilega hafa talsverð neikvæð áhrif á jarðmyndanir svæðisins.

3.6 Áhrif á gróður

Í matsskýrslu kemur fram að gróður á fyrirhuguðu efnistökusvæði sé fábreyttur og að ekki sé að finna þar plöntur á valista. Landið sé að hluta vaxið gamburmosa sem sé algengur á Íslandi en fjölbreyttari gróður í lautum og lægðum. Fram kemur að efnistakan muni hafa bein, neikvæð áhrif á gróður en ekki sé talin þörf á mótvægisáðgerðum varðandi áhrif á gróður. Í vinnsluáætlun sé kveðið á um hvernig haga eigi vinnu til að lágmarka gróðurskemmdir og mikilvægi þess að samstarf verði haft við sérfræðinga um uppgræðslu svæða. Telur framkvæmdaraðili að þó efnistaka muni hafa bein, neikvæð áhrif á gróður verði þau hvorki óafturkræf né varanleg eða umfangsmikil og því verði heildaráhrif framkvæmdanna á gróðurfur óveruleg.

Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa bein og varanleg áhrif á all stórt svæði sem er misvel gróið. Þó að sjaldgæfum tegundum verði ekki raskað þá telur stofnunin, í ljósi umfangs þess svæðis sem mun raskast, að líta verði svo á að áhrif á gróður verði nokkuð neikvæð.

3.7 Áhrif fugla og spendýr

Í matsskýrslu kemur fram að á efnistökusvæðinu sé fuglalíf fáskrúðugt eins og rannsóknir sýni almennt að sé á mosapembum og þéttleiki lítill. Við fuglatalningu fundust tvær fuglategundir; heiðlóa og rjúpa. Þó megi gera ráð fyrir að á svæðin séu að jafnaði fleiri tegundir fugla, t.d. þúfutittlingur. Engin spendýr hafi fundist í könnun sérfræðinga á svæðinu en líklegt sé að þar lifi hagamús. Fram kemur að hávaði við efnistöku kunnir að fæla fugla burt frá svæðinu og geti haft bein, neikvæð áhrif á búsvæði fugla þar. Fuglalíf sé þó fáskrúðugt og tegundir sem þar hafi fundist séu algengar á Íslandi. Bent er á að efnistakan verði unnin í áföngum og hver áfangi um sig verði takmarkaður að flatarmáli. Talið sé að heildaráhrif framkvæmdanna á fugla og spendýr verði óveruleg.

Skipulagsstofnun telur að ekki séu líkur á að fyrirhuguð efnistaka komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á fugla þó að ljóst sé að búsvæði muni að einhverju leyti skerðast og hávaði vegna efnistöku og efnisflutninga muni líklega fæla fugla frá svæðinu. Þá eru ekki líkur á að villt spendýr verði fyrir verulegum áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

3.8 Staða skipulags og leyfisveitinga

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna fyrirhugaðrar efnistöku bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin er ekki í samræmi við stefnu í gildandi Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 hvað varðar magn efnis en samræmist tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi sveitarfélagsins 2010-2022.
- Vinna þarf deiliskipulag af efnistökusvæðunum í Bolaöldum.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdaleyfi þarf að vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Framkvæmdin er háð leyfi forsætisráðuneytisins til námuvinnslu innan þjóðlendu samkvæmt lögum um þjóðlendu nr. 58/1998.

4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Bolaalda ehf. sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Bolaalda ehf. hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði á landslag og sjónræns eðlis. Stofnunin telur að vegna efnistöku í eldri hluta námunnar megi líta svo á að þessi neikvæðu áhrif séu að mörgu leyti þegar komin fram. Að mati Skipulagsstofnunar er ámælisvert hvernig staðið var að fyrri efnistöku þar sem farið var hátt upp í hlíðar Vífilfells, sem gerir það að verkum að náman er nú áberandi sár í landslaginu, horft frá fjölförnum Suðurlandsvegi. Stofnunin telur að með hliðsjón af umfangi efnistökkunnar og stærðar svæðisins þar sem vinna á efnið muni frekari efnistaka, eðli málsins samkvæmt, hafa í för með sér talsverð neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Skipulagsstofnun telur að unnt verði að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum með þeim aðgerðum sem Bolaöldur ehf. kynna og fjallað er um í kafla 2 í þessu álit og nánar í kafla 2.6 í matsskýrslu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að sem fyrst verði ráðist í markvissar aðgerðir til að ganga frá eldra efnistökusvæðinu, sem miði að því að draga úr áberandi ummerkjum eftir efnistöku í hlíðum Vífilfells. Stofnunin telur að þó að gera megi ráð fyrir að áhrif framkvæmdanna verði nokkuð neikvæð fyrir þá sem stunda gönguferðir í nágrenni efnistökusvæðisins þá muni aukin efnistaka varla rýra gildi svæðisins til útivistar umfram það sem komið er.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt, í ljósi þess að efnistökusvæðið er við mörk fjarsvæðis vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins, að gerðar verði kröfur um vinnulag í tengslum við efnistöku og efnisflutninga sem tryggi eins og framast er mögulegt að mengunarslys verði ekki í tengslum við starfsemina. Stofnunin telur að sú vinnutilhögun sem Bolaöldur hyggjast viðhafa og þær aðgerðir sem fyrirtækið kynnir í matsskýrslu, skili þeim árangri að ekki sé líklegt að fyrirhuguð efnistaka hafi neikvæð áhrif á gæði grunnvatns. Hins vegar telur Skipulagsstofnun eðlilegt að í starfsleyfi verði sett ákvæði sem tryggi að fyrrgreindri vinnutilhögun og fyrirhuguðum aðgerðum verði fylgt.

Skipulagsstofnun telur að umfangsmikil efnistaka eins og fyrirhuguð er í Bolaöldum muni óhjákvæmilega hafa talsverð neikvæð áhrif á jarðmyndanir og nokkuð neikvæð áhrif á gróður.

Við meðferð málsins hafa Bolaöldur ehf. kynnt verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem ætlað er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að tryggt verði að þeim áætlunum verði framfylgt svo lágmarka megi neikvæð umhverfisáhrif efnistökkunnar og starfsemi sem henni fylgir.

Skipulagsstofnun leggur til eftirfarandi skilyrði við framkvæmdaleyfisveitingu:

2010090030

Á næstu fimm árum frá útgáfu leyfis eigi Bolaöldur ehf. að laga ummerki eftir efnistöku í hlíðum Vífilfells á þann hátt sem kynnt er í matsskýrslu. Til þess verði notað haugsett efni, sem þegar hefur verið komið fyrir á svæðinu og annað efni sem berast mun til svæðisins á því tímabili.

Reykjavík, 1. mars 2011.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

